

Ársskýrsla 2010



Barnaheill

Save the Children Iceland



Barnaheill

Save the Children Iceland

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru frjáls félagasamtök sem stofnuð voru árið 1989. Þau eiga aðild að Save the Children International en að þeim standa 29 landsfélög sem starfa í 120 löndum. Barnaheill – Save the Children voru stofnuð í Bretlandi árið 1919. Stofnandi þeirra, Eglantyne Jebb, var með þeim fyrstu til að benda á að það væri réttur barna að alast upp í öryggi og friði. Samtökin vinna að mannréttindum barna með því að vera málsvari þeirra, með fræðslustarfi, innlendum og erlendum verkefnum og í gegnum neyðaraðstoð.

Barnaheill – Save the Children eru stærstu alþjóðlegu frjálsu félagasamtökin sem starfa í þágu barna. Sýn Barnaheilla – Save the Children er heimur þar sem réttur sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og þátttöku er virtur. Markmið samtakanna er að vekja heiminn til vitundar um stöðu barna og ná fram tafarlausum og ævarandi breytingum í lífi þeirra. Heimasíða samtakanna á Íslandi er www.barnaheill.is.

Efnisyfirlit

Frá formanni og framkvæmdastjóra	3
Innlent starf	4
Almenn réttindabarátta	4
Baráttu gegn ofbeldi á börnum	4
Rödd barna	9
Fræðslu- og forvarnarstarf	11
Heilbrigðismál	12
Innlent samstarf	12
Kynningarstarf	12
Erlent starf	14
Neyðaraðstoð	14
Bætum framtíð barna	15
Norður-Úganda	17
Kambódía	18
Erlent samstarf	18
Tekjur og gjöld	20
Styrktaraðilar	21
Barnaheill – Save the Children á Íslandi 2010-2011	22
Þakkir	



Helgi Ágústsson
formaður



Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri

Frá formanni og framkvæmdastjóra

Um 100 milljónir barna víða um heim fengu aðstoð alþjóðasamtaka Barnaheilla – Save the Children við að bæta líf sitt og möguleika á árinu 2010. Í rúmlega 90 ára sögu samtakanna, er þetta mesti fjöldi barna sem náðst hefur til á einu ári. Markmiðið er að gera enn betur og er nú unnið að breyttu skipu- og vinnulagi til efla frekar mannréttindastarf í þágu barna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka virkan þátt í starfi alþjóðasamtakanna og leggja sitt af mörkum til alþjóðlegra verkefna í þágu barna á sviði almennrar réttindabaráttu, menntunar, verndar barna gegn ofbeldi, heilbrigðismála og neyðaraðstoðar. Með framlögum sínum árið 2010, tóku samtökin þátt í að efla menntun og heilbrigði barna á stríðshrjádum svæðum Norður-Úganda sem og að lína þjáningar barna og fjölskyldna þeirra í kjölfar náttúruhamfaranna á Haítí og í Pakistan.

Innanlands leggja Barnaheill – Save the Children á Íslandi áherslu á að standa vörð um réttindi barna, að gera rödd barna og unglinga sterkari, á vernd barna gegn ofbeldi og heilbrigðismál. Mikil gróska var í starfi samtakanna á árinu 2010. Unnið var að margvíslegum verkefnum og fræðslustarfi sem gerð eru skil í skýrslu þessari. Málsvarahlutverkið er rauði þráðurinn í starfi samtakanna hér á landi og miðar að því að standa vörð um og efla réttindi barna, í samræmi við barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Það getur verið erfitt að leggja mat á árangur af slíku starfi. Það er hins vegar afar brýnt að börn eigi sér öflugan málsvara í umfjöllun um

t.a.m. lög og reglugerðir er að þeim lúta, eða þegar kemur að þjónustu við börn sem ekki búa við viðunandi uppeldisskilyrði. Því kappkosta samtökin að vera leiðandi afl í mannréttindabaráttu barna hér á landi.

Fyrir hönd Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, þökkum við öllum þeim sem lögðu hönd á plóginn og gerðu starf samtakanna mögulegt með fjárframlagi, vinnuframlagi og samstarfi. Samtökin byggja allt sitt starf á frjálsum framlögum. Sökum erfiðs árferðis og fjölmargra brýnna verkefna, ákvað stjórn samtakanna að nýta hluta af sjóðum samtakanna í verkefni héraðs og erlendis á árinu 2010. Eftir sem áður er staða samtakanna sterk og við horfum björtum augum fram veginn.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi munu ótrauð halda áfram að vinna að mikilvægum verkefnum í þágu barna með aðstoð velunnara samtakanna. Því fleiri sem leggja gjörva hönd að verki, því lengra náum við. Vertu með í að vekja heiminn til betri vitundar um stöðu barna og taktu þátt í að ná fram varanlegum breytingum á lífi þeirra milljóna barna sem eiga um sárt að binda.

Með kærri þökk fyrir stuðninginn og samstarfið.

Helgi Ágústsson
formaður

Petrína Ásgeirsdóttir
framkvæmdastjóri

Vernd gegn ofbeldi og vanrækslu
Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis. Stjórnvöld skulu veita börnum sem sætt hafa illn meðferð og fjölskyldum þeirra viðeigandi stuðning.

Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif

Börn eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.

Innlent starf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá stofnun lagt áherslu á starf innanlands. Samtökin hafa barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi og eru helstu áherslur á að standa vörð um réttindi barna, baráttu gegn ofbeldi á börnum, heilbrigðismál og að rödd barna heyrir betur í íslensku samfélagi.

Almenn réttindabarátta

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er leiðarljós Barnaheilla – Save the Children í öllu starfi. Barnasáttmálinn var samþykktur á allsherjarþingi S.þ. þann 20. nóvember 1989 og fullgiltur á Íslandi 27. nóvember 1992. Í byrjun árs 2009, samþykkti Alþingi Íslendinga þingsályktunartillögu um að lögfesta samninginn á Íslandi, en ekki hefur orðið af því ennþá.

Barnasáttmálinn felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á því að börn eru hópur sem hefur sjálfstæð réttindi, óháð foreldrum eða forsjáraðilum, og að þau þarfnist sérstakrar umönnunar og verndar umfram fullorðna. Barnasáttmálinn kveður á um borgaraleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi barna án tillits til kynþáttar, litarháttar, búsetu eða annarra þátta. Öll lönd heimsins, fyrir utan Bandaríkin og Sómalíu, hafa staðfest sáttmálann. Öllum þeim, sem koma að málefnum barna, ber að gera það sem í þeirra valdi stendur til að framfylgja honum.

Í barnasáttmálanum er kveðið á um skyldur ríkja til að kynna ákvæði samningsins með viðeigandi hætti fyrir börnum og fullorðnum.

Lagaumsagnir og ályktanir

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja ríka áherslu á að þau réttindi, sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, séu virt á Íslandi. Samtökin senda reglulega umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp er lúta að málefnum barna. Jafnframt eru sendar út ályktanir þegar samtökin telja brotið á réttindum barna. Í umsögnum sínum og ályktunum er leitast við að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi og það sem barninu er fyrir bestu.

Árið 2010 sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi inn umsagnir um eftirtalin frumvörp og reglugerðir:

- Frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari

Kynning á barnasáttmálanum hefur ekki verið markviss á Íslandi og almenn þekking á honum og réttindum barna er þar af leiðandi takmörkuð. Barnaheill – Save the Children á Íslandi, Umboðsmaður barna og UNICEF hafa frá árinu 2008 unnið sameiginlega að náms-efni um barnasáttmálann í samvinnu við Námsgagnastofnun. Á árinu 2009 var hafist handa við gerð námsvefjar, barnasattmali.is. Hann er ætlaður til notkunar í leik- grunn- og framhaldsskólum, en hentar einnig börnum og fullorðnum til almennrar notkunar. Fyrsti hluti vefjarins var opnaður í nóvember 2009 og á árinu 2010 var unnið að öðrum hluta vefjarins, sem er efni fyrir miðstig. Stefnt er að því að ljúka gerð vefjarins á árinu 2011. Styrkur fékkst frá forsætisráðuneytinu til verkefnisins.

Starfsmenn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi fóru víða á árinu 2010 til að kynna barnasáttmálann og réttindi barna, m.a. í skóla, fyrirtæki og til annarra félagasamtaka. Þá tóku samtökin þátt í opnum fundi á vegum utanríkisráðuneytisins með Navanethem Pillay, mannréttindafulltrúa S.þ., um eflingu og verndun mannréttinda.

breytingum og barnalögum nr. 76/2003, með síðari breytingum (bann við líkamlegum og andlegum refsingum).

- Drög að Aðalnámskrá grunnskóla – almennur hluti.
- Reglugerð um ábyrgð nemenda í grunnskólum.
- Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum (þskj. 181 – 163. mál).
- Frumvarp til laga um breytingu á áfengis- lögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum. (þskj. 339 – 293. mál.)

Árið 2010 sendu Barnaheill – Save the Children á Íslandi frá sér eftirfarandi ályktanir:

- Ályktun send til ríkisstjórnar og sveitarfélaga vegna fjárlagagerðar 2011. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hvöttu ríkisstjórn og sveitarfélög til að standa vörð um réttindi barna og skerða umfram allt ekki þjónustu við þau og fjölskyldur þeirra á sviði mennta-, heilbrigðis- og félagsmála.
- Ályktun send til menntamála-, forsætis- og fjármálaráðherra og alþingismanna þar sem niðurskurði í framhaldsskólum er mótmælt. Barnaheill – Save the Children á Íslandi lýstu yfir þungum áhyggjum af þeim niðurskurði í skólakerfinu sem þegar er kominn til framkvæmda. Samtökin lögðu áherslu á mikilvægi þess að öllum ungmennum verði tryggð framhaldsskólavist haustið 2011, að námsframboð verði fjölbreytt og tryggt, með sértækum úrræðum ef við á, og að sérhver nemandi hafi tök á að kaupa nauðsynleg skólagögn.
- Ályktun send til forsætis-, fjármála- og félags- og tryggingamálaráðherra þar sem mótmælt er hugmyndum, sem fram

koma í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2011, um niðurskurð á fjárframlögum til Fæðingarorlofsjóðs sem og um styttingu fæðingarorlofsins. Slíkar hugmyndir vinna gegn markmiði laganna, sem er m.a. að tryggja barni samvistir við báða foreldra, og brjóta gegn ákvæðum barnasáttmálans.

Í mars 2010 tilkynnti utanríkisráðuneytið að fallist væri á beiðni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, í samstarfi við Mannréttindaskrifstofu Íslands, frá árinu 2009 um stuðning við gerð valfrjálsrar bókunar hjá Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna um kærufarli vegna brota gegn ákvæðum barnasáttmála S.þ. Samtökin fagna afstöðu utanríkisráðuneytisins í þessu máli en kærufarlið er liður í því að styrkja réttindi barna um allan heim. Nær öll lönd heimsins hafa staðfest barnasáttmála S.þ. en áfram er brotið á börnum dag hvern um allan heim. Alþjóðlegt kærufarli er mikilvægt úrræði sem getur stuðlað að meiri vitund og ábyrgð ríkja heims á mikilvægi þess að virða mannréttindi barna og þar með barnasáttmálann. Mannréttindaráð S.þ. samþykkti bókunina í júní 2011 og verður hún lögð fyrir allsherjarþing S.þ. í desember 2011.

Skuggaskýrsla til barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna

Á árinu 2010 unnu Barnaheill – Save the Children á Íslandi, í samvinnu við Mannréttindaskrifstofu Íslands og UNICEF, skuggaskýrslu um stöðu barna á Íslandi með tilliti til ákvæða barnasáttmálans. Skýrslan var send til barnaréttarnefndar S.þ. Til hliðsjónar var þriðja skýrsla íslenskra stjórnvalda til nefndarinnar. Meðal helstu niðurstaða í skuggaskýrslu samtakanna þriggja er að þó gerðar hafi verið tvær aðgerðaráætlanir, annars vegar um barnavernd og hins vegar um aðgerðir til að bæta stöðu barna og ungmenna, hefur aðeins lítill hluti þessara áætlana komist til framkvæmda.

Ástæða er til að hvetja stjórnvöld eindregið til að bæta úr því um leið og unnið er áfram

Símaráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er símaráðgjöf þar sem fullorðnir geta leitað upplýsinga um réttindi barna. Margir leituðu til samtakanna á árinu

að endurskoðun og uppfærslu þessara aðgerðaáætlana. Einnig má nefna að þrátt fyrir að til sé heildarstefna í málefnum innflytjenda, þar sem nokkrir liðir fjalla sérstaklega um börn innflytjenda, hefur fátt eitt komið til framkvæmda. Úr því verður að bæta og sérstaklega ber stjórnvöldum að gera öllum sveitarfélögum skylt að móta sér stefnu í þjónustu við innflytjendur. Það er mat samtakanna að stjórnvöld skorti heildarstefnu í málefnum barna og barnafjölskyldna sárlega. Samtökin hvetja stjórnvöld til að nýta sér markvisst þær fjölmörgu upplýsingar sem fyrirliggjandi eru til að bregðast við og bæta aðbúnað og stöðu barna hér á landi.

2010. Málin voru af ýmsum toga; forsjármál, umgengnismál, eineltismál, grunur um ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmiss konar.

Jasmine Whitbread
framkvæmdastjóri Save the Children International



Viðurkenning Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi veita árlega viðurkenningu fyrir sérstakt framlag í þágu barna og mannréttinda þeirra í tengslum við afmæli barnasáttmála Sam-einuðu þjóðanna þann 20. nóvember. Viðurkenningin er afhent til að vekja athygli á barnasáttmálanum og mikilvægi þess að íslenskt samfélag standi vörð um mannréttindi barna.

Árið 2010 hlaut Þórunn Ólý Óskarsdóttir viðurkenninguna. Hún er forstöðukona unglingsmiðjanna Stígur og Tröð sem reknar eru af Reykjavíkurborg. Frá árinu 1987 má ætla að ríflega 600 ungmenni hafi notið góðs af starfsemi smiðjanna. Flest þeirra leita þangað vegna félagslegrar einangrunar, eineltis, hlédraegni, skerts sjálfstrausts og í sumum tilfellum vegna erfiðra uppeldis-skilyrða. Ungmennin eru á aldrinum 13–18 ára. Með markvissum stuðningi hafa þau náð að efla sjálfstraust sitt og sjálfsmynd, bæta líðan og leita leiða til uppbyggilegra lausna.

Ungmennin leita til smiðjanna af fúsum og frjálsum vilja og þátttaka í starfinu er á þeirra ábyrgð.

Þórunn Ólý útskrifaðist sem félagsráðgjafi frá Háskólanum í Stafangri árið 1977 og hefur frá þeim tíma unnið að málefnum barna og unglinga. Afhending viðurkenningarinnar fór fram í Þjóðmenningarhúsinu. Helgi Ágústsson, formaður Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Guðbjartur Hannesson, félags- og tryggingarmálaráðherra og Jón Gnarr borgarstjóri fluttu ávarp auk þess sem Þórunn Ólý ávarpaði samkomuna. Edda Kristjánsdóttir, fulltrúi ungmennaráðs Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og nemi í Snælandsskóla afhenti viðurkenninguna. Birkir Bjarnason, Hrefna Björg Gylfadóttir og Ingunn Kristjánsdóttir, nemendur frá Tónskóla Sigursveins fluttu tónlistartriði. Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna, stýrði athöfninni.

Þórunn Ólý Óskarsdóttir



Rósín – minnismerki um börn

Þann 2. febrúar 2010 stóðu Barnaheill – Save the Children á Íslandi fyrir stuttri samverustund hjá minnismerki samtakanna, Rósinni í Laugardal í Reykjavík, en Rósinn er alþjóðlegt minnismerki óþekkt barnsins. Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfi við samtökin *Roses for Children*, sem komið hafa upp slíkum minnisvörðum víða um heim til að minna á réttindi barna og heiðra minningu þeirra sem látist hafa á barnsaldri. Stundin var tileinkuð þeim börnum sem höfðu látist eða áttu um sárt

að binda vegna jarðskjálftanna á Haítí, en milljónir barna voru fórnarlömb jarðskjálftans með einum eða öðrum hætti. Barnaheill – Save the Children hafa starfað á Haítí í 30 ár og unnu að hjálparstarfi þar frá fyrsta degi jarðskjálftans. Kór Laugarnesskóla var með tónlistartriði, forsvarsmenn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi fluttu ávörp og nemandi úr Laugarnesskóla las reynslusögu barns á Haítí. Samverustundin var öllum opin og tóku um 100 manns, bæði börn og fullorðnir, þátt í henni.

Kynferðislegt ofbeldi

Börn eiga rétt á vernd gegn hvers kyns kynferðislegu ofbeldi, s.s þátttöku í hvers kyns kynferðislegri háttsemi, vændi eða klámi.

Barátta gegn ofbeldi á börnum

Samkvæmt 19. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á vernd gegn öllu ofbeldi; líkamlegu, kynferðislegu og andlegu sem og gegn vanrækslu. Samkvæmt 34. grein barnasáttmálans eiga börn rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi og gegn því að vera neydd til vændis eða þátttöku í kynlífsiðnaði. Börn eiga enn fremur rétt á að vera vernduð fyrir efni sem getur skaðað velferð þeirra. Samkvæmt íslenskum lögum eiga börn rétt á vernd gegn hvers kyns ofbeldi og vanrækslu og gegn líkamlegum refsingum. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá upphafi lagt áherslu á mikilvægi þess að vernd barna gegn ofbeldi sé tryggð. Samtökin hafa beitt sér fyrir breytingum á löggjöf og unnið að verkefnum þar að lútandi.

Netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi

Kynferðislegt ofbeldi hefur langvarandi og skelfileg áhrif á börn og allt lífshlaup þeirra. Á Netinu hefur aukist mjög efni þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt og/eða þar sem þau eru beitt kynferðisofbeldi. Framleiðsla, varsla, dreifing og skoðun á slíku efni er ólögleg. Mjög mikilvægt er að stemma stigu við slíku efni, uppræta það, finna þólendur og koma þeim til hjálpar. Alþjóðlegt samstarf er ein forsenda þess.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa frá árinu 2001 tekið þátt í alþjóðlegu verkefni um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi á Netinu. Verkefnið hefur verið styrkt af *Safer Internet* samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Markmið verkefnisins er að vekja athygli almennings, lögreglu, löggjafans, netþjónustuaðila, barnaverndaryfirvalda og fleiri aðila á þætti Netsins í kynferðislegu ofbeldi gegn börnum og þrýsta á íslensk stjórnvöld um að axla ábyrgð í þessum málaflökki héraendis og á alþjóðavettvangi. Kjarni verkefnisins er ábendingalína. Á vef samtakanna, barnaheill.is, er hnappur þar sem hægt er að senda inn nafnlausar ábendingar um óæskilegt efni á Netinu. Fram til ársins 2009, sáu starfsmenn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um greiningu þeirra ábendinga sem bárust, röktu slóðir þeirra og áframsendu til lögregluyfirvalda. Að ósk samtakanna, tók embætti ríkislögreglustjóra yfir þann hluta starfsins, enda eru margar ábendingarnar visbendingar um glæpi gagnvart börnum.

Á árinu 2010 gekk í gildi nýr samningur við Evrópusambandið, sem jafnframt tekur til samstarfs Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Heimilis og skóla og Lýðheilsustöðvar undir merkjum *Safer Internet Center*. Með honum eru Barnaheill – Save the Children á Íslandi orðin aðili að SAFT-verkefninu, en SAFT stendur fyrir Samfélag, fjölskylda og tækni og er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglunga á Íslandi.

Frá árinu 2001, hafa Barnaheillum – Save the Children á Íslandi borist ríflega 4000 ábendingar í gegnum ábendingahnapp samtakanna. Þar af eru 34% ábendinganna um efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Á árinu 2010 bárust 30 ábendingar í gegnum ábendingahnappinn og um 34% þeirra voru ábendingar um efni þar sem börn eru beitt kynferðisofbeldi og sýnd á kynferðislegan hátt. Auk þess bárust Barnaheillum – Save the Children á Íslandi 10 ábendingar símleiðis eða með tölvupósti. Það voru m.a. ábendingar um íslenskar vefsíður með efni, þar sem börn voru sýnd á kynferðislegan hátt eða voru með kynferðislegu tali um börn og unglunga. Síðurnar voru í öllum tilfellum hjástar erlendis en samtökin unnu að því að láta loka þeim. Jafnframt bárust samtökunum ábendingar um óviðeigandi fréttafyrirsagnir og umfjallanir um börn og unglunga. Í þeim tilfellum var verið að brjóta á rétti barna með því hvernig fjallað var um málið, í myndbirtingum og orðanotkun. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa haft samband við fréttamiðlana og beið um lagfæringar. Ávallt hefur verið tekið vel í beiðni samtakanna.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa síðastliðin ár beitt sér fyrir því að komið verði á síun á landsvísi á ölöglegu efni á Netinu þar sem börn eru sýnd á kynferðislegan hátt, þ.e. að lokað verði á aðgang að slíku efni héraendis. Samtökin hafa í því sambandi fundað með netþjónustuaðilum, Póst- og fjarskiptastofnun, embætti ríkislögreglustjóra og fulltrúum frá dómsmálaráðuneytinu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í alþjóðasamtökunum INHOPE, inhope.org, sem eru regnhlífasamtök ábendingalína. Í INHOPE samtökunum eru um 40 ábendingalínur, flestar í Evrópu en einnig í Ameríku og Asíu. Starf INHOPE samtakanna felst í að efla þekkingu og deila reynslu um málefnið og veita aðildarfélögum stuðning í baráttunni. Sérhver ábendingalína er rekin í samstarfi við lögreglu og netþjónustuaðila í hverju landi. Hver ábendingalína skráir tölulegar upplýsingar í gagnagrunn INHOPE. Þannig er hægt að fylgjast með fjölda ábendinga og hvernig miðar í baráttunni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum á netinu.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi starfa náið með Evrópasamtökum Barnaheilla – Save the Children í ýmsum málaflökum, m.a. að því að finna börn, sem orðið hafa fyrir kynferðislegu ofbeldi, og myndefni af þeim sem dreift hefur verið á Netinu. Í gagnagrunni Interpol, sem verið hefur í notkun frá árinu 2001, er að finna eina milljón mynda sem sýna kynferðislegt ofbeldi gegn meira en 20.000 börnum samkvæmt upplýsingum frá Interpol hafa aðeins um 800 þessara barna fundist og fengið nauðsynlegan stuðning.





Horfin lífsgleði – okkar ábyrgð

Þann 26. maí 2010 héldu Barnaheill – Save the Children á Íslandi málþing undir yfirskriftinni Horfin lífsgleði – okkar ábyrgð; verndum börn gegn ofbeldi. Á málþinginu, sem um 40 manns sóttu, var fjallað um birtingarmyndir ofbeldis gegn börnum víða um heim og mögulegar leiðir til að stöðva það. Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands og verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, setti málþingið. Erindi fluttu Jasmine Whitbread, framkvæmdastjóri Save the Children International, Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, S. Ingibjörg Jósefsdóttir, skólastjóri Hagaskóla, Þorbjörg

Sveinsdóttir, sérfræðingur í Barnahúsi, Halldór Hauksson, sviðsstjóri Barnaverndarstofu og fulltrúar ungmennaráðs Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Fundarstjóri var Þórdís Elva Þorvaldsdóttir.

Málþingið var upphaf vitundarvakningar um mikilvægi þess að vernda börn gegn ofbeldi og var yfirskriftin Horfin lífsgleði. A.m.k. 7000 eintökum af nýjum bæklingi um verndun barna gegn ofbeldi var dreift, m.a. á heilsugæslustöðvar og í fjölda verslana um allt land. Þá voru hengd upp 500 veggspjöld á höfuðborgarsvæðinu.

Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á félagslegum úrræðum fyrir börn í Reykjavík sem eru vitni að heimilisofbeldi

Í febrúar 2010 hófu Barnaheill – Save the Children á Íslandi þátttöku í rannsókn á félagslegum úrræðum og stuðningi við börn í Reykjavík sem eru vitni að ofbeldi gegn móður eða milli foreldra. Rannsóknin var styrkt af Daphne-áætlun Evrópusambandsins og unnin í samvinnu við Barnaheill – Save the Children á Spáni og Ítalíu. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á málþingi í febrúar 2011 undir yfirskriftinni „Átta ára drengur óskar eftir íbúð“.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að brýn þörf er á endurskoðun á málefnum barna, sem eru vitni að ofbeldi á heimilum sínum. Langtímarannsóknir gefa til kynna að þessum börnum er hættara við að þróa með sér langvarandi sálræn og félagsleg vandamál, s.s. þunglyndi, kvíða, sektarkennd, misnotkun áfengis og vímuefna. Samkvæmt tölum, sem bárust frá Íslandi í rannsóknina, verða a.m.k. 2000 börn á ári hverju vitni að heimilisofbeldi (2,5% íslenskra barna). Ekki er óvarlegt að álykta að börnin séu enn fleiri því heimilisofbeldi er oftar en ekki eitt besta geymda leyndarmál fjölskyldu.

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi

Barnaheill – Save the Children á Íslandi tóku þátt í árlegu 16 daga átaki félagasamtaka og stofnana gegn kynbundnu ofbeldi í nóvember og desember. Framlag samtakanna til átaks-

ins var grein sem birtist í Fréttablaðinu um mikilvægi þess að gefa gaum að börnum sem verða vitni að heimilisofbeldi.

Fræðsluvefur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um vernd barna gegn ofbeldi

Samtökin eru með fræðsluvef, verndum-born.is, þar sem aðgengilegar eru upplýsingar um vernd barna gegn ofbeldi. Á vefnum er einnig að finna upplýsingar um afleiðingar líkamlegs, andlegs og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum í hvaða mynd sem er og hvert hægt er að leita ef grunur vaknar um slíkt. Í tengslum við rannsókn samtakanna á félagslegum úrræðum fyrir börn í Reykjavík, sem eru vitni að heim-

ilisofbeldi, var unnið fræðslufni um slíkt ofbeldi og afleiðingar þess á börn. Efnið er að finna á vefnum.

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um vernd gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum, er útgáfa bókarinnar „Þetta er líkaminn minn“. Nánar má lesa um efni bókarinnar í kafla um útgáfustarf hér að aftan.

Evrópusamstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að Evrópusamtökum Barnaheilla – Save the Children. Evrópusamtökin vinna að vernd barna gegn ofbeldi, málefnum vegalausra barna, hælisleitenda og barna sem eru fórnarlömb mansals.

Evrópusamtök Barnaheilla – Save the Children hafa m.a. beitt sér fyrir því að sett verði í lög í aðildarríkjum ESB og EES að bannað sé að beita börn líkamlegum refsingum, en Ísland er eitt af 25 löndum í heiminum sem hafa lögfest slíkt bann.

Samtökin beita sér einnig fyrir því, m.a. í gegnum lagaumsagnir, að sett séu sérstök viðmið um vegalaus börn og börn sem verða fórnarlömb mansals sem og að réttur barna og sérstaða sé tryggð í samningum Evrópu-

sambandsins og á EES-svæðinu. Á hverju ári eru þúsundir barna vegalaus í Evrópu og hluti þeirra eru fórnarlömb mansals, ýmist á milli landa eða innan landa. Barnaheill – Save the Children leggja áherslu á að ávallt sé haft að leiðarljósi það sem barninu er fyrir bestu, í málefnum vegalausra barna og barna sem eru fórnarlömb mansals, og að staða barnsins sem innflytjanda sé aukaatriði. Tryggja verður að börnin fái áfallahjálp og aðhlyningu og fái strax aðgang að allri þjónustu, þ.e. félags- og heilbrigðisþjónustu og menntun. Börn þurfa að fá sérstakan tilsjónarmann á meðan málefni þeirra eru til athugunar og barn skal aldrei senda til heimalands nema tryggar aðstæður taki við því. Mikilvægt er að finna fjölskyldu barnsins án þess að stefna barninu eða fjölskyldu þess í hættu.

Rödd barna

Samkvæmt 12. og 13. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga börn rétt á að tjá sig, leita upplýsinga, láta í ljós skoðanir sínar og hafa áhrif. Vefur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, heyrumst.is, starf ungmennaráðs og samstarf við skóla er liður í þeirri áherslu samtakanna að rödd barna heyrist betur í íslensku samfélagi.

Heyrumst.is

Heyrumst.is er gagnvirkur vefur þar sem börn og unglingar undir 18 ára aldri geta leitað upplýsinga, ráðgjafar og stuðnings. Sérþjálfaðir sjálfboðaliðar sjá um ráðgjöfina, undir handleiðslu starfsmanna Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Vefurinn var opnaður í október 2009 og er á íslensku, ensku og pólsku svo ná megi til sem flestra ungmenna á Íslandi. Frá opnun vefjarins hafa borist fjölmargar fyrirspurnir, nær allar á íslensku. Meirihluti þeirra tengist vinamálum en einnig fjölskylduaðstæðum, heilsu, liðan og samskiptum kynjanna. Í janúar 2010 var vefurinn auglýstur á netmiðlum og um haustið voru um 250 veggspjöld send til grunnskóla víða um land í gegnum fræðsluskrifstofur. Umferð

um vefinn eykst jafnan þegar farið er í kynningarátak af þessu tagi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi héldu fjögurra kvölda námskeið fyrir sjálfboðaliða heyrumst.is í janúar og febrúar. Markmið námskeiðsins var að efla færni þeirra til að svara erindum frá börnum og unglungum en sjálfboðaliðarnir hafa allir reynslu eða menntun í starfi með börnum. Fyrirlesarar á námskeiðinu voru, auk starfsmanna samtakanna, Haukur Haraldsson sálfræðingur, Þorbjörg Sveinsdóttir, sérfræðingur í Barnahúsi, Þorlákur Helgason, framkvæmdastjóri Olweusaráætlunar, Edda Ólafsdóttir félagsráðgjafi og Alma Árnadóttir félagsráðgjafi.

Á árinu heimsóttu starfsmenn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi móttökudeild fyrir börn innflytjanda í Lækjarskóla í Hafnarfirði til að kynna þeim vefinn. Þá tóku nemendur í 8. bekk Snælandsskóla þátt í rýnihópi vegna heyrumst.is en markmiðið með honum var að fá þeirra hugmyndir og athugasemdir um hvernig vefurinn getur betur þjónað börnum og unglungum á Íslandi.



Hugtakið barn

Barn er einstaklingur undir 18 ára aldri, nema lög heimalands þess segi annað.

Ungmennaráð Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Ungmennaráð samtakanna er félagsskapur ungs fólks á aldrinum 13–25 ára sem vill stuðla að réttlæti í heiminum og vekja athygli á málefnum er varða réttindi og stöðu barna, bæði hér á landi og erlendis. Markmiðið með starfi ungmennaráðsins er annars vegar að stuðla að bættum hag barna og hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu og hins vegar að virkja börn og unglinga til þátttöku um að móta samfélag sitt. Í febrúar 2010 sóttu sjö fulltrúar ungmennaráðsins ráðstefnu ungmennaráða Barnaheilla – Save the Children á Norðurlöndum sem haldin var í Noregi. Fulltrúar ungmennaráðsins tóku þátt

í ráðstefnunni Netið 2010 sem haldin var í Smáralindinni í febrúar 2010 í tilefni af alþjóðlega Netöryggisdeginum og fulltrúi ráðsins fór á ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem haldin var á vegum UMFÍ í apríl 2010. Auk þess tóku fulltrúar ungmenna-ráðsins þátt í málþingi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi „Horfin lífsgleði“ – okkar ábyrgð; Verndum börn gegn ofbeldi, sem haldið var í maí 2010. Þar ræddu fulltrúar ráðsins um einelti í skólum frá sjónarhóli nemenda. Þar að auki fóru fulltrúar ungmennaráðsins í útvarpsviðtal á árinu 2010, þar sem rætt var um heyrumst.is, og skrifuðu greinar í blöð.



Samstarf við grunnskóla

Barnaheill – Save the Children á Íslandi áttu á árinu 2010 samstarf við Snælandsskóla, Austurbæjarskóla og Laugarnesskóla.

Nemendur í 8. bekk Snælandsskóla tóku þátt í rýnihópi vegna heyrumst.is og unnu verkefni í tenglum við rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um börn sem eru vitni að heimilisofbeldi. Verkefnið var kynnt á ráðstefnu samtakanna um niðurstöður rannsóknarinnar í febrúar 2011. Jafnframt teiknuðu nemendur í 1. bekk skólans myndir sem notaðar voru í skýrslu samtakanna um áður nefnda rannsókn.

Nemendur í Austurbæjarskóla voru í rýnihóp í tengslum við rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um félagsleg úrræði fyrir börn í Reykjavík sem eru vitni að heimilisofbeldi. Nemendur í 10. bekk skólans unnu

einnig verkefni, í tengslum við rannsóknina og kynntu það á ráðstefnu samtakanna um málefnið í febrúar 2011.

Framlag Barnaheilla – Save the Children á Íslandi til hátíðardagskrár í tilefni af áttræðisafmæli Vigdísar Finnbogadóttur 15. apríl 2010 var myndband, unnið af nemendum í 10. bekk Austurbæjarskóla. Þeir tileinkuðu myndbandið einu af hugðarefnum hennar, tungumálum.

Samstarf við Laugarnesskóla tengist verkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um Rósina eða *Roses for Children*. Nemendur í 4. bekk skólans hafa tekið Rósina í fóstur og kór Laugarnesskóla tók þátt í stuttri samverustund samtakanna hjá minnismerkinu í febrúar 2010, eins og áður er fram komið.

Samstarf við framhaldsskóla

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa undanfarin ár verið í samstarfi við Menntaskólann á Akureyri og Menntaskólann við Sund. Samstarfið er annars vegar fylgið í fræðslu til nemenda um hin ýmsu málefni sem samtökin vinna að, s.s. vernd barna gegn

ofbeldi og menntun barna í stríðshrjádum löndum, og hins vegar í fjáröflun nemenda til verkefna samtakanna. Á árinu 2010 var jafnframt farið með fræðsluerindi um starf samtakanna og réttindi barna til nemenda í Flensborgarskóla í Hafnarfirði.

Fræðslu- og forvarnarstarf

SAMAN-hópurinn

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga aðild að SAMAN-hópnum – samanhópurinn.is. Hópurinn er samstarfsvettvangur félagsamtaka og stofnana sem láta sig velferð barna varða. Markmiðið með starfi hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldis- hlutverki þeirra. SAMAN-hópurinn leggur áherslu á samveru foreldra og barna á tímamótum, á hátíðum og í leyfum og sendir skilaboð til foreldra í þá veru. Á árinu 2010

sendi SAMAN-hópurinn spilastokka til allra nemenda í 5. bekk grunnskóla á Íslandi til að minna á mikilvægi samverunnar. Rannsóknir hafa sýnt að samvera foreldra og barna er ein besta forvörnin. Að verja tíma saman skilar árangri og rannsóknir hafa einnig sýnt að börn og unglingar vilja verja meiri tíma með foreldrum sínum. Það sama hefur komið fram í máli foreldra sem tekið hafa þátt í könnunum.



Náum áttum

Barnaheill – Save the Children á Íslandi taka þátt í starfi Náum áttum hópsins – naumattum.is. Um er að ræða samstarfshóp aðila sem vinna að málefnum barna og stendur hópurinn reglulega fyrir fræðslufundum. Meðal

þess sem rætt var á fræðslufundum á árinu 2010 voru börn með athyglisbrest og ofvirkni (ADHD), börn og vímuefni, velferð barna, einelti, brottfall úr framhaldsskóla og ábyrgð og hlutverk foreldra.

Netsvar

Netsvar – netsvar.is – er samvinnuverkefni SAFT-verkefnis Heimilis og skóla, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og Póst- og fjarskiptastofnunar. Á vefsvæðinu eru ýmsar

upplýsingar um Netið og örugga netnotkun. Jafnframt er hægt að senda inn fyrirspurnir um hvað eina sem tengist því.

Útgáfustarf

Einn liður í fræðslustarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um vernd gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum er útgáfa bókarinnar „Þetta er líkaminn minn“. Bókin er skrifuð til að aðstoða fullorðna og börn á leikskólaaldri við að ræða saman opið og óþvingað. Samtökin eru í samstarfi við heilsugæslustöðvar um dreifingu á bókinni. Jafnframt hafa margir leikskólar nýtt sér hana. Á árinu 2010 fóru um 2000 bækur til barna víða um land.

Þróunarstofa heilsugæslunnar fór þess á leit á árinu að fá að nota myndirnar úr bókinni í sérstakt hefti á vegum heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu. Verkefnið er hluti af

forvarnastarfi heilsugæslunnar um vernd barna gegn kynferðisofbeldi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi gefa einnig út veggspjald þar sem vakin er athygli á slysaþættum í umhverfi barna. Heilsugæslustöðvar sjá um dreifingu á veggspjaldinu og á árinu 2010 voru send 400 veggspjöld til barna um allt land.

Samtökin, í samvinnu við umboðsmann barna, UNICEF og Námsgagnastofnun, gefa út veggspjöld og bæklinga um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til notkunar í grunnskólum og víðar.

Abyrgð foreldra

Aðildarríki eiga að virða ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra til að veita börnum sínum leiðsögn og stuðning í samræmi við þroska þeirra.

Heilbrigðismál

Samtökin eiga tvær íbúðir í Reykjavík, sem ætlaðar eru fjölskyldum veikra barna af landsbyggðinni. Barnaspítali Hringins hefur umsjón með notkun þeirra. Íbúðirnar eru á Rauðarárstíg og Skúlagötu. Á árinu 2010, voru 169 dvalardagar í íbúðinni á Skúlagötu sem er 46% nýting og 203 dvalardagar á Rauðarárstíg, sem er 56% nýting. Nýtingin jókst frá árinu 2009.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi seldu á árinu 2010 íbúð sem samtökin fengu í arf á árinu 2009 frá Guðríði Sveinsdóttur. Íbúðinni fylgdi innbú og nýttist það vel í íbúðum samtakanna á Rauðarárstíg og Skúlagötu. Ágóði af sölu íbúðarinnar rann til verkefna samtakanna. Barnaheill – Save the Children á Íslandi ítreka þakkar sínar til Guðríðar Sveinsdóttur og fjölskyldu hennar.

Innlent samstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga í viðtæku samstarfi hérlendis við opinbera aðila, stofnanir og frjáls félagasamtök sem vinna að málefnum barna eins og fram hefur komið í skýrslu þessari.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi tóku á árinu þátt í starfi barnahóps Velferðarvaktar félagsmálaráðuneytis. Verkefni hópsins er að kortleggja stöðu barna hér á landi í kjölfar efnahagshruns og koma með tillögur að úrbótum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eiga samstarf við fleiri íslensk mannúðarsamtök og er tilgangur samstarfsins að styrkja

hlutverk allra samtakanna og auka sýnileika þeirra í íslenski þróunarsamvinnu. Í samstarfshópnum eru, auk Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, ABC-barnahjálp, Hjálparstarf kirkjunnar, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra kristniboðsfélaga (SÍK), SOS-barnahöpp, UNICEF og UN Woman. Þann 1. október 2010 hélt hópurinn námsstefnu fyrir starfsmenn og stjórnarmenn mannúðarsamtakanna undir yfirskriftinni „Síðfræði hjálparstarfs“. Erindi fluttu Salvör Nordal, Jón Á. Kalmannsson og Nigel Dower. Fundarstjóri var Vilhjálmur Árnason. Auk erinda voru umræður og hópavinna.

Kynningarstarf

Fjöldi nema í framhaldsskólum og háskólum leituðu upplýsinga um starf Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á árinu og einnig fengu kennarar frá grunnskólum og leikskólum fræðslu um starf samtakanna. Þá fóru starfsmenn víða með kynningu á starfi sínu og fræðslu um barnasáttmálann.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi og Afríka 20:20 – félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara stóðu fyrir Afríkudög-

um í janúar 2011 og hófst undirbúningur á árinu 2010.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja áherslu á að vera með stöðuga og trausta upplýsingagjöf til fjölmíðla um málefni er varða börn og mannréttindi þeirra. Allar fréttatilkyningar eru jafnframt birtar á heimasíðu samtakanna og á síðu þeirra á samfélagsmiðlinum Facebook.



Vigdís Finnbogadóttir

Vigdís Finnbogadóttir, verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi og fyrrum forseti Íslands fagnaði áttatíu ára afmæli 15. apríl 2010

Það var á sumarmánuðum árið 1988 sem fagfólk á Barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans ákvað að tímabært væri að stofna til félagsskapar sem hefði það að megin markmiði að auka rétt barna í samfélaginu. „Ráðda barnen“ í Svíþjóð var höfð til fyrirmyndar við skipulag samtakanna og frá upphafi var Vigdís Finnbogadóttir, þá forseti Íslands, virkur þátttakandi í undirbúningsstarfinu.

24. október 1989 var stofnfundur samtakanna og var Vigdís meðal gesta. Að hennar ósk var hún skráð sem stofnfélagi númer eitt og síðar gerðist hún opinber verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi. Það er óumdeilt að stuðningur Vigdísar hefur í gegnum tíðina verið ómetanlegur fyrir samtökin. Nafnið „Barnaheill“ er m.a. komið úr smíðju hennar, Höllu Þorbjörnsdóttur og Ernu Þorleifsdóttur. Með þátttöku sinni í ótal viðburðum á vegum Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, sendir Vigdís Finnbogadóttir skýr skilaboð um að börnin séu framtíðin og að það sé á ábyrgð okkar allra að búa þeim betri heim.

Fórnfúst starf Vigdísar í þágu samtakanna og skýr sýn hennar á mikilvægi þess að tryggja réttindi barna hefur verið ómetanlegur styrkur í þau ríflega tuttugu ár sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa verið starfrækt.

Vigdís Finnbogadóttir fæddist 15. apríl árið 1930. Hún varð stúdent árið 1949 og stundaði nám í frönsku og frönskum bókmenntum í Grenoble og við Sorbonne-háskóla í París á árunum 1949–1953. Hún nam leiklistarsögu við Kaupmannahafnarháskóla 1957–1958, tók BA-próf í frönsku frá Háskóla Íslands og próf í uppeldis- og kennslufræðum 1968. Vigdís er heiðursdoktor og heiðursprófessor við marga háskóla og stofnanir víðs vegar um heiminn.

29. júní árið 1980 var Vigdís fyrsta konan í heiminum til að vera kjörin forseti í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún var endurkjörin án atkvæðagreiðslu 1984, endurkjörin í kosningum 1988, aftur án atkvæðagreiðslu 1992 og lét af embætti 1996.

Það var mikill heiður fyrir Barnaheill – Save the Children á Íslandi að fá tækifæri til að þakka Vigdís Finnbogadóttur traust samstarf á liðnum árum með þátttöku í hátíðardagskrá henni til heiðurs 15. apríl 2010, á átt-ræðisafmæli Vigdísar. Framlag samtakanna til þeirrar dagskrár var, sem fyrr segir, unnið af nemendum í 10. bekk Austurbæjarskóla sem gerðu myndband Vigdísar til heiðurs og var það tileinkað einu af hugðarefnum hennar; tungumálum. Frá árinu 2001, hefur stofnun í erlendum tungumálum borið nafn Vigdísar Finnbogadóttur. Stofnunin er rannsóknastofnun innan Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og er rannsóknaveittvangur kennara deildarinnar sem fást við erlend tungumál og fornfræði.





Gerður Kristný og skólabörn í Norður-Úganda

Erlent starf

Helstu áherslur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í erlendum verkefnum eru á grunnmenntun barna, vernd barna gegn ofbeldi og heilbrigðismál í gegnum neyðaraðstoð. Samkvæmt 28. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á endurgjaldslausri grunnmenntun, í 19. greininni er kveðið á um rétt barna á vernd gegn líkamlegu, kynferðislegu og andlegu ofbeldi sem og gegn vanrækslu og samkvæmt 24. grein barnasáttmálans eiga öll börn rétt á heilsugæslu.

Neyðaraðstoð

Neyðaraðstoð er ein af megin stoðum alþjóðlegs starfs Barnaheilla – Save the Children. Alþjóðasamtökin eru með áratuga reynslu í hjálparstarfi á hamfarasvæðum. Þar sem samtökin vinna að verkefnum í um 120 löndum, eru þau oftast ekki til staðar á svæðum þar sem hamfarir verða og geta því brugðist fljótt við neyð í viðkomandi löndum. Í hjálparstarfinu gæta Barnaheill – Save the Children, sérstaklega að velferð barna en börn þurfa sérstaka vernd á tímum hamfara.

Haítí

Jarðskjálfti yfir 7 á Richter reið yfir Haítí þann 12. janúar 2010. Jarðskjálftinn hafði gríðarleg áhrif á íbúa og innviði Haítí sem voru veikir fyrir og skemmdir á byggingum ríkisins, s.s. ráðuneytum og forsetahöllinni, höfðu mikil áhrif á möguleika yfirvalda til að bregðast við. Starf hjálparstofnana varð einnig fyrir áhrifum af sömu sökum. Hjálparstarfið var kostnaðarsamara og hægverkara en áður við svipaðar aðstæður. Talið er að um þrjár milljónir manna hafi orðið fyrir barðinu á jarðskjálftanum með einum eða öðrum hætti; 230 þúsund manns létust, ríflega 400 þúsund heimili eyðilögðust og tvær milljónir manna lentu á vergangi. Áhrifa jarðskjálftans hefur einnig gætt utan þeirra svæða sem verst urðu úti. Talið er að um 570 þúsund manns hafi yfirgefið Port-au-Prince fyrir lok janúar og haldið til annarra héraða Haítí. Þó um 230 þúsund manns hafi skilað sér aftur til baka til höfuðborgarinnar, eru um 330 þúsund manns enn fjarri. Það hefur aukið mjög álag á önnur héruð sem áttu, fyrir jarðskjálftann, í erfiðleikum með að sinna fjárhagslegum og félagslegum þörfum íbúa sinna.

Haítí er fátækasta landið á vesturhveli jarðar. Ríflega helmingur landsmanna (54%) býr við mjög mikla fátækt og lifir af minna en Bandaríkjadali á dag. 78% verða að láta tvo Bandaríkjadali duga til daglegra nauðsynja. Áhrif jarðskjálftans á börn hafa verið skelfileg. 90% allra skóla á þeim svæðum sem

Samtökin leggja áherslu á að grunnmenntun barna verði hluti af neyðaraðstoð, ekki síst á áttaskvæðum þar sem neyðarástand hefur ríkt í langan tíma.

Barnaheill – Save the Children veittu neyðaraðstoð í mörgum löndum vegna náttúruhamfara og stríðsátaka árið 2010. Barnaheill – Save the Children á Íslandi studdu hjálparstarf alþjóðasamtakanna á Haítí og í Pakistan.

verst urðu úti eyðilögðust, en þess ber að geta að fyrir jarðskjálftann voru 49% barna á Haítí ekki skráð í skóla og af þeim sem skráð voru, sótti helmingur ekki skóla með reglubundum hætti. Þá er aðgengi að heilbrigðisþjónustu eða viðunandi næringu mjög slæmt. Mansal barna og misnotkun þeirra eykst við þessar aðstæður, þegar þúsundir manna eru á vergangi eða berast fyrir í yfirfullum tjaldbúðum.

Barnaheill – Save the Children starfa nú eftir fimm ára neyðar- og uppbyggingaráætlun sem beitt er á þeim svæðum sem urðu fyrir jarðskjálftanum. Á fyrstu tólf mánuðunum eftir hamfarirnar, tókst samtökunum að ná til ríflega 870 þúsund íbúa á Haítí, þar af hálftrar milljónar barna. Fimm ára áætlun alþjóðasamtakanna við endurreisn á Haítí gerir ráð fyrir nánú samstarfi við heimamenn svo tryggja megi börnum þar öruggari og heilbrigðari framtíð og tilefni til vonar. Áhersla er lögð á þau svið sem hafa mest áhrif á líf og velferð þúsunda barna; menntun, vernd, heilsu, næringu, vatn, hreinlæti, skjól, lífsviðurvergi og mataröryggi. Markmið uppbyggingarinnar er að tryggja betra líf en var fyrir jarðskjálftann.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lögðu um 14 milljónir króna til hjálparstarfsins á Haítí á árinu 2010. Þar af komu 11 milljónir króna frá utanríkisráðuneytinu og þrjár milljónir frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Réttur til lífs og þroska

Sérhvert barn á meðfæddan rétt til lífs og skulu aðildarríkin tryggja að það megi lifa og þroskast.

Pakistan

Neyðarástand varð í Pakistan í ágúst 2010 þegar mestu flóð sem landið hefur orðið fyrir í nær öld gengu yfir norðurhluta landsins. Flóðin höfðu gífurleg áhrif á líf um 21 milljónar barna og fullorðinna sem eru fleiri en jarðskjálftinn í Kashmir árið 2005, fellibylurinn Katrína sama ár, fellibylurinn Nargis árið 2008, flóðbylgjan í Indlandshafi árið 2004 og jarðskjálftinn á Haítí árið 2010 gerðu samanlagt. Flóðin eyðilögðu bæi, þorp og uppskeru og lömuðu samgöngur. Milljónir manna misstu heimili sín og allar eigur sínar, fólk missti lífsviðurværið og gat ekki séð fyrir fjölskyldum sínum.

Erfitt var fyrir hjálparstarfsmenn að ná til þúsunda manna í bæjum og þorpum sem einangruðust í flóðunum og voru án húsaskjól, hreins vatns, læknishjálpar og nægilegs matar. Í hamförum sem þessum eru börnin alltaf berskjölduð og talið er að flóðin hafi haft áhrif á líf allt að sex milljóna barna. Miklir fólksflutningar í kjölfar flóðanna, hætta á útbreiðslu sjúkdóma og versnandi lífsskilyrði fólu í sér aukna hættu fyrir heilsu ungra barna. M.a. jókst verulega hættu á lungnabólgu, niðurgangi, malaríu og húðsjúkdómum vegna skorts á aðgangi að hreinu vatni, skorts á hreinlætisaðstöðu og skorts á aðgangi að heilbrigðisþjónustu. Takmarkaður aðgangur að heilbrigðisþjónustu fyrir þung- aðar konur og nýfædd börn var einnig mikið áhyggjuefni. Þá höfðu flóðin einnig gríðarleg áhrif á skólagöngu barna en talið er að allt að

tvö þúsund skólar hafi eyðilagst í flóðunum.

Barnaheill – Save the Children náðu til riflega 2,6 milljóna manna á flóðasvæðunum á árinu 2010; í gegnum neyðarhjálp, með dreifingu tjalda, húsbúnaðar til eldamennsku, vatns- hreinsunarpokum, og matvæla sem og með andlegum stuðningi og skólagöngu fyrir börn. Þá komu samtökin á fót 174 öruggum leiksvæðum fyrir börn á þeim svæðum sem verst urðu úti og að minnsta kosti 130.308 börn hafa notið góðs af lífsmáttvæðingum tilfinningalegum stuðningi, t.d. í gegnum listmeðferð, hópráðgjöf og leik.

Sex mánuðum eftir flóðin gerðu Barnaheilla – Save the Children rannsókn á þeim sálfræðilegu vandamálum sem börn á flóðasvæðinu glíma við sem og þörfum þeirra. Þar kom m.a. fram að 87% barna á flóðasvæðunum eru taugaveikluð og árásgjörn, 75% barna geta ekki tjáð sig eðlilega og 70% upplifðu öryggisleysi og ótta við annað fólk, vatn, viðáttu og myrkur. Í rannsókninni kemur einnig fram að riflega 6000 börn í Punjab, KPK og Sindh vinna erfiðisvinnu til að styðja fjölskyldur sínar. Þá hafa fundist 300 tilfelli um snemmbúin barnahjónaband á svæðum sem urðu fyrir flóðunum.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lögðu 2,4 milljónir króna til hjálparstarfsins í Pakistan á árinu 2010. Styrkur frá utanríkisráðuneytinu nam 2 m.kr.



Tjáning- arfrelsi

Börn eiga rétt á að tjá sig nema það brjóti gegn almennu siðgæði, skaði mannorð eða brjóti gegn réttindum annarra. Börn eiga rétt á að leita sér upplýsinga, taka við upplýsingum og koma þeim á framfæri.

Bætum framtíð barna

Markmið

Alþjóðlegt átak Barnaheilla – Save the Children í menntunarmálum, „Bætum framtíð barna“ (e. *Rewrite the Future*), stóð frá árinu 2006 til 2010. Markmið átaksins var þrjúþætt:

- 1) Að veita þremur milljónum barna, sem ekki hafa verið í skóla vegna stríðs-átaka, menntun og að bæta menntun a.m.k. fimm milljóna barna til viðbótar í 20 stríðshrjádum löndum fram til ársins 2010.
- 2) Að vekja athygli alþjóðasamfélagsins á aðstæðum barna í stríðshrjádum löndum og nauðsyn þess að leggja meira fjármagn í menntun þeirra. Öðruvísi verður þúsaldarmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um grunnmenntun fyrir öll börn ekki náð fyrir árið 2015.
- 3) Að grunnmenntun barna verði hluti af neyðaraðstoð. Ekki síst vegna þess að í fjölmörgum löndum, þar sem eru stríðs-átök, er miklu fé varið til neyðaraðstoðar svo árum skiptir og því er mikilvægt að neyðaraðstoðin feli í sér skólagöngu fyrir börn.

Árangur

Árangur átaksins var mikill. Alls náðu samtökin að bæta gæði menntunar hjá meira en 10 milljónum barna í 24 stríðshrjádum löndum og veita 1,7 milljónum barna aðgang að skóla. Þetta gerðu samtökin með því að byggja skóla og kennarabústaði með nauðsynlegri aðstöðu, þjálfa kennara, dreifa námsgögnum og virkja stjórnvöld, börn, for-

eldra og nærsamfélög þeirra. Alþjóðasamtökin munu áfram vinna að því að gera börnum í stríðshrjádum löndum kleift að komast í skóla og bæta gæði menntunar þeirra. Barnaheill – Save the Children á Íslandi studdu verkefni í Afganistan, Kambódíu og Norður-Úganda í gegnum „Bætum framtíð barna“ með samtals 69 milljónum króna og munu áfram styðja menntunarstarf í Norður-Úganda til ársins 2013 a.m.k.

Barnaheill – Save the Children náðu miklum árangri í að vekja alþjóðasamfélagið, þ.e. ríkisstjórnir fjölmargra landa og alþjóðlegar stofnanir, til vitundar um aðstæður barna í stríðshrjádum löndum og mikilvægi þess að leggja meira fjármagn í menntun þeirra. Þegar átakið hófst árið 2006, voru 42 milljónir barna í stríðshrjádum löndum utan skóla en í lok ársins 2010 hafði þeim fækkað um 7,5 milljónir og voru 34,5 milljónir. Alþjóðasamtökin náðu einnig árangri í því að grunnmenntun barna yrði hluti af neyðaraðstoð, og eru þau nú í teymi (e. *cluster*) með Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna um grunnmenntun barna á svæðum, þar sem neyðaraðstoð er veitt. Þetta er í fyrsta skipti sem alþjóðleg frjáls félagasamtök eru í svo formlegu samstarfi við stofnun á vegum S.þ.

Þess má geta að Barnaheill – Save the Children fengu verðlaun í lok ársins 2010 frá *World Innovation Summit for Education (WISE)* fyrir „Bætum framtíð barna“. Alls voru 400 tilnefningar til verðlaunanna frá 89 löndum og er það mikill heiður fyrir alþjóðasamtökin að hljóta verðlaunin fyrir mikilvægt starf í þágu barna í stríðshrjádum löndum, barna sem er svo erfitt að ná til og svo auðvelt að gleyma.



Willy Lakány, Petrina Ásgeirsdóttir og Helgi Ágústsson

Norður-Úganda

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lögðu rúmar 13 milljónir króna í menntunarverkefni Barnaheilla – Save the Children í Pader- og Agoge-héruðum í Norður-Úganda á árinu 2010. Samtökin fengu styrk frá utanríkisráðuneytinu að upphæð 10,5 m.kr. Frá árinu 2007 hafa Barnaheill – Save the Children á Íslandi lagt samtals 53,2 milljónir króna til menntunarverkefnis í Norður-Úganda.

Fyrir fjármagnið hafa verið byggðir skólar og kennarabústaðir með allri nauðsynlegri aðstöðu. Haldin hafa verið þjálfunarnámskeið fyrir kennara og skólayfirvöld og haldnir fræðslufundir með skólafólki, foreldrum og fleirum um réttindi barna. Sömuleiðis hafa verið námskeið fyrir börn til að fræða þau um réttindi sín og virkja þau til að taka þátt í skólastarfi og uppbyggingu samfélagsins. Kennarar, foreldrar og börn hafa fengið fræðslu um heilsuvernd og varnir gegn sjúkdómum, þ.á m. alnæmi. Námsgögnum hefur verið dreift til fjölda barna og þátttaka for-eldra í skólastarfi verið eflað.

Verkefnið, sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja í Pader- og Agoge-héruðum fram til ársins 2013, miðar að því að auka skólaaðgang, bæta gæði menntunar, auka heilbrigði og auka vernd riflega 30 þúsunda barna í héruðunum. Sérstök áhersla er lögð á að ná til barna sem ekki eru í skóla, og þá sérstaklega stúlkna, að bæta kennsluáðferðir og kennsluumhverfi, að styðja menntayfirvöld í því að efla menntun og vernda börn gegn ofbeldi og misnotkun.

Formaður og framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, þau Helgi Ágústsson og Petrína Ásgeirsdóttir, heimsóttu Norður-Úganda í nóvember 2010. Með í för voru Gerður Kristný rithöfundur, sem bloggaði um heimsóknina á fréttavefsvæðinu eyjan.is, og Jakob Halldórsson kvikmyndatökumaður. Markmið heimsóknarinnar var að fræðast um uppbyggingarstarfið sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa stutt undanfarin ár og funda með samstarfsaðilum og þeim sem njóta góðs af starfinu. Alls voru sex skólar heimsóttir auk þess sem fundað var með börnum, foreldrum, kennurum, skólastjórnendum, fulltrúum fræðsluyfirvalda og sveitastjórnarmanna í héruðunum. Heimsóknin var afar gagnleg og gaf glögga mynd af því mikla starfi sem samtökin hafa tekið þátt í undanfarin ár, en einnig fengust greinargóðar upplýsingar um það sem þarf að gera. Þannig er það áhyggjuefni að mörg barnanna hafa ekki aðgang að mat á skólatíma. Á næstu misserum verður lögð áhersla á að bæta úr því ástandi.

Stríðsátökin í Norður-Úganda, sem stóðu í 20 ár og lauk árið 2008, leiddu til algjörs hruns og eyðileggingar á innviðum samfélagsins. Fjöldi skóla, heilsugæslustöðva og vega voru eyðilögð. Tugir þúsunda manna flúðu heimili sín vegna átaka og eyðileggingar og margir dvöldu langdvölum í flóttamannabúðum. Eftir að öryggi á svæðinu jókst, hafa flóttamenn snúið til baka til heimkynna sinna og eru Barnaheill – Save the Children í Úganda á meðal þeirra samtaka sem hafa unnið með stjórnvöldum og Sameinuðu þjóðunum að því að aðstoða fólk við að snúa til baka. Stuðningurinn felst m.a. í uppbyggingu menntunar og heilsugæslu, í öryggi og vernd barna, í tryggu lífþrauði fjölskyldna og efnahagslegri uppbyggingu.

Þar sem félagslegt net og viðmið eru hrunin, eiga stúlkur það mjög á hættu á að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi og misnotkun. Heimilisofbeldi er einnig útbreitt. A.m.k. 32% kvenna í Norður-Úganda hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi, þar á meðal í skólanum. Meirihluti þeirra varð fyrir ofbeldinu strax á barnsaldri. Barnaheill – Save the Children í Úganda leggja áherslu á aðgerðir til að bæta öryggi og vernd barna í skólum og til að auka gæði menntunar.

Skortur á heilbrigðisþjónustu í skólum og skortur á salernum og hreinlætisaðstöðu er mjög erfiður fyrir börnin, ekki síst stúlkur. Komið hefur í ljós að margar stúlkur hætta í skóla vegna skorts á hreinlætisaðstöðu, slæmrar heilsu, ótímabærrar þungunar, hættulegra fóstureyðinga og annarra félagslegra vandamála. Skólabörn þjást mörg af sjúkdómum sem eru tilkomnir vegna skorts á hreinlæti, s.s. húðsjúkdómum, niðurgangi og malaríu. Aðgangur að heilsugæslu er víða mjög takmarkaður og um 60% íbúanna þurfa að fara lengra en fimm kílómetra leið á næstu heilsugæslu. Þetta hefur áhrif á heilsu barna og ungs fólks.

Þó endurkoma flóttafólks til heimkynna þeirra sé mikilvægt skref fyrir fólk sem búið hefur lengi við átök, allsleysi og óöryggi, þá eru öryggi og vernd ennþá stórmál fyrir marga einstaklinga og fjölskyldur. Mikið verk er óunnið á því sviði. Munaðarlaus börn og heimili, þar sem börn eru í forsvari, eru sérlega berskjölduð. Eins og sjá má eru verkefni óþrjótandi, þó margt hafi áunnist. Barnaheill – Save the Children á Íslandi ætla sér að halda áfram að leggja sitt af mörkum, með stuðningi velunnara samtakanna.



Uppeldi og proski

Foreldrar bera sameiginlega ábyrgð á uppeldi barna sinna og skulu taka mið af því sem börnunum er fyrir bestu. Stjórnvöldum ber að veita foreldrum viðeigandi aðstoð við að rækja uppeldisskyldur sínar og sjá til þess að byggðar séu upp stofnanir og þjónusta veitt til umönnunar barna.

Kambódía

Barnaheill – Save the Children á Íslandi lögðu samtals rúmar 12 milljónir króna í menntunarverkefni í stríðshrjáðu Stoeung Trong-héraði í Kampong Cham syslu í Kambódíu á árunum 2007-2010.

Fyrir fjárframlög Barnaheilla – Save the Children á Íslandi voru byggðir þrjár skólar með allri nauðsynlegri aðstöðu. Kennarar fengu þjálfun og haldnir voru fundir með foreldrum um mikilvægi menntunar. Vinnuhópum, barna- og ungmennaráðum og skólanefndum var komið á fót til að efla þátttöku barna og foreldra í skólastarfi og til að hvetja börn, sem hafa verið án skólagöngu, til þess að fara í skóla. Nokkrir skólar fengu kennsluefni og sett voru upp bókasöfn í nokkrum skólum. Kennarar, foreldrar og börn fengu kennslu um varnir gegn ýmsum sjúkdómum og foreldrar fengu aðstoð við að koma upp foreldrareknu leikskólastarfi. Einnig var komið upp menntamiðstöðvum til að veita ungu fólki, sem ekki hefur lokið grunn-skóla, menntun.

Almenn réttindabarátta

Mikilvægur liður í starfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi í þágu barna er mál-svarahlutverkið. Eins og áður hefur komið fram, leggja samtökin áherslu á að þau réttindi, sem kveðið er á um í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, séu virt. Samtökin senda reglulega ályktanir og/eða ábendingar til yfirvalda ef þau telja að verið sé að brjóta á réttindum barna, hér á landi sem erlendis.

Eftirtaldir ályktanir voru sendar á árinu 2010:

- Ályktun send utanríkisráðherra og þing-

Erlent samstarf

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna náið með alþjóðasamtökunum Save the Children International um mótun stefnu og starfshátta. Starfsmenn samtakanna eru í miklum samskiptum við starfsmenn alþjóðaskrifstofu, sem staðsett er í London. Starfsmenn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi eru einnig í miklum samskiptum við þá sem stýra verkefnum sem Barnaheill – Save the Children á Íslandi styðja. Árlega er haldinn fundur með forsvarsmönnum landsfélaganna 29 til að móta stefnu og samræma aðgerðir. Ársfundurinn 2010 var haldinn í Delhi á Indlandi í maí. Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri og Helgi Ágústsson, formaður stjórnar Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, sóttu fundinn.

Jasmine Whitbread, framkvæmdastjóri al-

Barnaheill – Save the Children á Íslandi áttu þannig þátt í að veita meira en 900 börnum á grunnskólaaldri aðgang að góðu skólalúsnæði og meira en 300 börnum á leikskólaaldri, aðgang að leikskólastarfi. Alls hafa um 23 þúsund börn í Kambódíu notið góðs af uppbyggingarstarfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á einn eða annan hátt.

Miklu máli skiptir að virkja allt samfélagið til að verkefnið verði sjálfbær og Barnaheill – Save the Children í Kambódíu vinna náið með fræðslufyrirvöldum þar á landi. Ólæsi er mikið í landinu og enn eru þúsundir barna án skólagöngu og bæta þarf menntun þúsunda barna til viðbótar. Menntun hjálpar börnum að vernda sig gegn sjúkdómum og ofbeldi og að takast á við erfiða reynslu, auk þess sem hún veitir þeim styrk, færni og betra líf. Barnaheill – Save the Children á Íslandi stefna að því að styðja áfram uppbyggingarstarf í Kambódíu, ef fjármagn fæst til verkefnisins.

heimi vegna ástandsins á Gaza og ómanneskjulegum aðstæðum barna þar.

- Ályktun send utanríkisráðherra og þingheimi vegna fundar S.þ. um þúsaldarmarkmiðin. Ályktun var fylgt eftir með fundi með fulltrúum utanríkisráðuneytis.
- Skýrsla Barnaheilla – Save the Children, *State of the World's Mothers 2011*, um stöðu mæðra í heiminum, var send öllum ráðherrum og þingmönnum. Þetta er í tólfta sinn sem skýrslan kemur út.

þjóðasamtakanna Save the Children International, sótti Barnaheill – Save the Children á Íslandi heim í maí í tengslum við málþing þeirra, Horfin lífsgleði – Okkar er ábyrgðin, þar sem hún flutti erindi. Jasmine notaði tækifærið og fundaði með starfsmönnum og stjórn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi eru í samstarfi við Evrópusamtök Barnaheilla – Save the Children en aðild að þeim eiga einnig systursamtökin í Bretlandi, Danmörku, Finnlandi og Hollandi, á Ítalíu, í Lítháen, Norgei, Rúmeníu, á Spáni og í Svíþjóð. Markmið samstarfsins er m.a. að hafa áhrif á löggjöf og stefnu Evrópusambandsins og Evrópuráðsins um málefni er varða réttindi og velferð barna.

Eglantyne Jebb

Eglantyne Jebb, stofnandi Barnaheilla - Save the Children og guðmóðir barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Eglantyne Jebb stofnaði Barnaheill - Save the Children, ein fyrstu alþjóðlegu mannréttindasamtök í heimi, árið 1919. Að baki bjó sú trú hennar að öll börn, hver sem þau væru og hvar sem þau byggju, ættu rétt á heilbrigðu, hamingjuríku og fullnægðu lífi. Upphaflegt markmið samtakanna var að afla fjár til að stemma stigu við skelfilegri stöðu barna í kjölfar fyrri heimsstyrjaldarinnar, einkum í borgum Evrópu, t.a.m. í Berlín og Vín þar sem börn bjuggu við hungur og berklar og beinkröm voru útbreiddir sjúkdómar. En Eglantyne og samstarfsfólk hennar áttuðu sig fljótt á að víða var pottur brotinn í málefnum barna.

Eitt af hugðarefnum Eglantyne voru mannréttindi barna. Árið 1921 hélt hún á fund International Union í Genf í Sviss með tillögu að sáttmála fyrir börn. Hann átti að tryggja börnum alþjóðlega viðurkenningu á sérstöðu þeirra og réttindum og byggði á stefnu-yfirlýsingu sem Eglantyne hafði ritað fyrir Barnaheill - Save the Children. Niðurstaðan varð hin svokallaða Genfaryfirlýsingin Þjóðabandalagsins frá árinu 1924 en í henni var að finna ýmsar grundvallarreglur um vernd og umönnun barna. Í kjölfar þeirra grófu mannréttindabrota, sem börn urðu fyrir í seinni heimstyrjöldinni, jókst umræðan um nauðsyn þess að tryggja börnum aukna vernd. Sérstök yfirlýsing um réttindi barnsins var samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna árið 1959 og byggði hún um margt á yfirlýsingu Þjóðabandalagsins. Hvorki Genfaryfirlýsingin né yfirlýsing S.þ. um réttindi barnsins voru formlega bindandi að þjóðarrétti.

Flest ríki voru sammála um nauðsyn þess að þróa réttindi barna á alþjóðlegum vettvangi enn frekar og veita börnum viðtækari vernd. Af þeirri ástæðu var hafist handa við að undirbúa sérstakan þjóðréttarsamning um réttindi barna árið 1979, en það ár hafði formlega verið útnefnt sem ár barnsins. Samningur S.þ. um réttindi barna, eða

barnasáttmálinn eins og hann er oftast nefndur í daglegu tali, var lagður fyrir allsherjarþing S.þ., fullbúinn til undirritunar og fullgildingar, þann 20. nóvember árið 1989. Öll lönd heims, utan Bandaríkin og Sómalía, hafa staðfest samninginn.

Það má því segja að Eglantyne Jebb sé guðmóðir barnasáttmálans. Með hugrekki, einbeitni, hugmyndaflugi og skipulagsgáfu vann hún að mikilvægum breytingum í þágu allra barna heims. Eglantyne fæddist árið 1876 og ólst upp í vel efnaðri sveitafjölskyldu með sterka samfélagskennd í Shropskíri á Englandi. Hún var ein sex barna. Eftir sögunám í Lady Margaret Hall háskólanum í Oxford var Eglantyne staðráðin í að verða kennari. Henni varð hins vegar ljóst, eftir eitt ár við í St. Peter's grunnskólanum í Marlborough, að hún var ekki á réttri hillu, þó starfið hefði aukið meðvitund hennar um afleiðingar erfiðleika og fátæktar á börn. Clare Mulley, höfundur ævisögu um Eglantyne, skýrir frá því í bók sinni *The Woman Who Saved the Children*, að Eglantyne hafi ekki verið sérlega gefin fyrir börn („I don't care for children... the little wretches") þegar hún vann sem kennari árið 1900. Hún eignaðist aldrei börn sjálf.

Eglantyne var alla tíð mjög virk í starfsemi Barnaheilla - Save the Children, þrátt fyrir að þjást um margra ára skeið af skjaldkirtilsjúkdómi. Hún þótti sýna frumleika og frumkvæði í rekstri samtakanna, m.a. í markaðsmálum auk þess sem hjálparstarf Barnaheilla - Save the Children vakti athygli fyrir að vera faglegt, ótengt trú og alþjóðlegt.

Eglantyne Jebb lést á hjúkrunarheimili í Genf árið 1928, aðeins fimmtíu og tveggja ára gömul. Hennar er minnst sem andriks stofnanda Barnaheilla - Save the Children sem bjargaði milljónum barna og breytti hugsunarhætti gagnvart réttindum barna til frambúðar.




Tekjur og gjöld


Tekjur Barnaheilla – Save the Children á Íslandi árið 2010 voru 74,2 milljónir króna. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvaðan framlögin komu. Fjármunatekjur voru 4,2 milljónir króna.

Stjórn samtakanna ákvað að nota hluta af sjóðum samtakanna í verkefni hérlandis og erlendis á árinu 2010. Gjöld ársins vegna verkefna og reksturs samtakanna voru 94,4 milljónir króna og hér að neðan sést hver skiptingin var. Barnaheill – Save the Children á Íslandi leggja metnað sinn í að nýta tekjur og framlög sem best í þágu barna og halda rekstrarkostnaði í lágmarki. Kostnaður vegna reksturs og fjáröflunar er þó óumflýjanlegur, þar sem það kostar að afla tekna og halda utan um starfið með faglegum og árangursríkum hætti.

Tekjur



Gjöld



Styrktaraðilar

Barnaheill – Save the Children á Íslandi byggja allt starf sitt á frjálsum framlögum. Samtökin þakka eftirtöldum styrktaraðilum sem studdu starf samtakanna á árinu 2010; framlög þeirra eru ómetanleg.

Félagsmenn/ Heillavinir

Fjöldi einstaklinga styður starf samtakanna, bæði félagsmenn sem greiða árleg félagsgjöld og heillavinir barna sem styðja innlend og erlend verkefni samtakanna með föstum mánaðarlegum framlögum. Samtals lögðu félagsmenn og heillavinir tæpar 19,7 milljónir króna til starfs samtakanna á árinu 2010.

Opinber framlög

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fengu á árinu 2010 rekstrarstyrk frá Alþingi að upphæð fimm milljónir króna. Frá Reykjavíkurborg fengust framlög að upphæð 250.000 krónur vegna verkefnisins „netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi“. Samtökin fengu framlög frá utanríkisráðuneytinu að upphæð 23,5 milljónir króna vegna hjálpar- og mannúðarstarfs í Norður-Úganda, á Haítí og í Pakistan. Heildarframlög frá opinberum aðilum voru því tæpar 28,8 milljónir króna.

Evrópusam- bandið

Daphne áætlun Evrópusambandsins studdi á árinu rannsókn samtakanna á félagslegum úrræðum og stuðningi við börn í Reykjavík sem eru vitni að ofbeldi gegn móður eða milli foreldra, með 8,4 milljóna króna framlagi. Rannsóknin var unnin í samvinnu við Barnaheill – Save the Children á Spáni og Ítalíu. *Safer Internet* áætlun ESB styrkti verkefni Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi um tæplega eina milljón króna á árinu 2010. Verkefnið er unnið í samvinnu við SAFT verkefni Heimilis og skóla og Lýðheilsustöð.

Jóla kort

Jóla kortasala er mikilvæg fjáröflunarleið fyrir Barnaheill – Save the Children á Íslandi. Að þessu sinni lögðu barnabókahöfundarnir Björk Bjarkadóttir, Gerður Kristný og Þorvaldur Þorsteinsson samtökunum lið við

gerð jóla korta samtakanna. Þau deildu sínum upplifunum frá jólum í stuttum texta sem prentaður var inn í kortin. Halldór Baldursson myndskreytti texta Gerðar Kristnýjar en Björk og Þorvaldur myndskreyttu eigin texta. Allir listamennirnir gáfu vinnuna sína.

Jóla kort voru send til um 12000 einstaklinga og keypti tæplega helmingur þeirra kortin. Jóla kortin voru einnig til sölu á skrifstofu samtakanna og í fjölda verslana og keyptu fyrirtæki, einstaklingar og stofnanir jóla kort af samtökunum. Heildarsala ársins var tæpar 11,2 milljónir króna.

Fyrirtæki

Icelandair Group

Þriggja ára bakhjarlasamningi Icelandair Group lauk í desember 2010. Hann fól í sér þriggja milljóna króna stuðning á ári í þrjú ár við starf samtakanna. Voru framlögin í formi beinna fjárframlaga, flugferða með Icelandair og Flugfélagi Íslands og þjónustu Icelandair hótela. Icelandair Group ákvað í byrjun árs 2011 að halda áfram samstarfinu við Barnaheill – Save the Children á Íslandi til loka ársins 2012.

IKEA

Mjúkdýraleiðangur IKEA, Barnaheilla – Save the Children og UNICEF fór af stað 1. nóvember 2010. Fyrir hvert mjúkdýr sem keypt var á tímabilinu 1. nóvember til 23. desember gaf IKEA-sjóðurinn sem nemur einni evru til Barnaheilla – Save the Children og UNICEF til að styðja við menntun bágstöddustu barnanna í heiminum. Samtals söfnuðust á Íslandi tæplega 2,4 milljónir króna.

Hvíta húsið

Hvíta húsið og Barnaheill – Save the Children á Íslandi gerðu með sér samstarfssamning á árinu 2009 vegna markaðs- og kynningarstarfs. Samningurinn felur í sér veglegan ávinning fyrir samtökin. Á árinu 2010, studdi Hvíta húsið myndarlega við bak samtakanna, m.a. við gerð myndbands þar sem vakinn er at-
hygli á mikilvægi þess að gefa börnum gaum, sem eru vitni að heimilisofbeldi.

Pegasus

Pegasus kvikmyndagerð gaf alla vinnu við gerð fyrrnefnds myndbands. Það þótti einstaklega vel heppnað og hafa samtökunum þegar borist fyrirspurnir frá systursamtökum í Svíþjóð og Litháen um leyfi fyrir notkun þess erlendis.

Önnur framlög

Pokasjóður

Sjóðurinn veitti 500.000 krónur í verkefni samtakanna um netið og vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi.

Norvik

Fyrirtækið Norvik veitti samtökunum styrk að upphæð 300.000 krónur.

Reykjavíkumaraþon

Alls hljóp 21 hlaupari fyrir Barnaheill – Save the Children á Íslandi árið 2010. Hlaupararnir söfnuðu áheitum að andvirði rúmlega 100.000 krónur.

Gleðigjafir

Barnaheill – Save the Children á Íslandi opnuðu á árinu vefsvæðið gleðigjafir.is. Þar geta einstaklingar og fyrirtæki keypt svokallaðar gleðigjafir en með kaupum á slíkri gjöf, styrkir kaupandi verkefni samtakanna í þágu barna. Viðtakandi gjafarinnar fær fallett kort með upplýsingum um andvirði gjafarinnar til Barnaheilla – Save the Children. Færst hefur í vöxt að einstaklingar velji á tímamótum í lífi sínu að beina gjöfum sínum til samtakanna. Einnig er hægt að styrkja samtökin með kaupum á minningarkortum.

Neyðaraðstoð

Fjöldi einstaklinga og fyrirtækja studdu hjálparstarf samtakanna á Haítí og í Pakistan. Alls söfnuðumst tæpar tvær milljónir króna. Stærsta einstaka framlagið kom frá starfsmönnum Sensu sem söfnuðu 320.000 krónum fyrir Haítí.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa samtökin með birtingu auglýsinga án endurgjalds, afslætti af þjónustu, vinnuframlagi eða á annan hátt.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi 2010–2011

Stjórn

Helgi Ágústsson formaður
Ásta Ágústsdóttir varaformaður
Ágúst Þórðarson gjaldkeri
Bryndís Guðmundsdóttir meðstjórnandi
Dögg Pálsdóttir meðstjórnandi
Guðrún Kristinsdóttir meðstjórnandi
Helga Sverrisdóttir meðstjórnandi
Jóhannes Jónsson varamaður
Kristjana Milla Snorraddóttir varamaður
Tryggvi Helgason varamaður

Starfsmenn

Fastráðnir

Petrína Ásgeirsdóttir framkvæmdastjóri
Björg Björnsdóttir verkefnastjóri
(tók við af Margréti Lind Ólafsdóttur í mars)
Hulda Stefánsdóttir fulltrúi
(tók við af Þórunni Jónsdóttur í ágúst)
Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnastjóri

Í tímabundnum verkefnum

Anna Ingólfssdóttir (nóvember til desember)
Guðbjörg Jóhannsdóttir (janúar til júlí)
Katrín Guðlaug Westlund (júní–júlí)
Steinunn Anna Sigurjónsdóttir (júlí–október)
Órnólfur Thorlacius (maí til desember)

Starfsfólk við söfnun heillavina (á tímabilinu júní til ágúst)

Anna Ingólfssdóttir
Guðný Maja Riba Pétursdóttir
Hanna Gísladóttir
Helga Jónsdóttir
Ísak Jónsson
Rakel Sólrós Jóhannsdóttir

Ræstitæknir

Benný Brynjarsdóttir

Sjálfbóðaliðar

Ásgerður Einarsdóttir
Ágústa Ólafsdóttir
Ásta Ágústsdóttir
Borghildur Berglind Hauksdóttir
Elín Jóhannsdóttir
Emilia Mlynska
Eva Therése Thörn
Helga Hafliðadóttir
Katarzyna Kruciuk
Magnea G. Guðmundardóttir
Ragnheiður Gunnarsdóttir
Sigrún Guðjohnsen
Þorbjörg Guðjónsdóttir

Tölvumenn (sjálfbóðaliðar)

Guðmundur Þór Jóhannsson
Gustav Helgi Haraldsson

Ungmennaráð

Diljá Helgadóttir
Edda Kristjánsdóttir
Eva Brá Axelsdóttir
Hulda Margrét Erlingsdóttir
Ívar Eiðsson
Jón Þór Sigurleifsson
Kristrún Halla Gylfadóttir
Kristrún Sigurgeirsdóttir
María Gyða Pétursdóttir,
Særún Erla Baldursdóttir
Tómas Oddur Eiríksson
Þyri Ragnheiður Björgvinsdóttir

Nefndir

Kjörnefnd

Helgi Ágústsson
Árni Geir Pálsson
Óðinn Helgi Jónsson

Varamenn

Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir
Pálmi Finnbogason

Laganefnd

Helgi Ágústsson
Óðinn Helgi Jónsson
Þórhildur Línal

Varamenn

Einar Gylfi Jónsson
Hrefna Friðriksdóttir
Margrét Sigurðardóttir

Skoðunarmenn ársreikninga

Sigurjón Hjartarson
Þórður Þorkelsson

Varamenn

Dögg Káradóttir
Orri Hlökkversson

Fulltrúar í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands

Guðrún Kristinsdóttir
Petrína Ásgeirsdóttir

Löggiltur endurskoðandi

Deloitte

Verndari Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er Vigdís Finnbogadóttir

Helgi Ágústsson, Ásta Ágústsdóttir, Kristjana Milla Snorraddóttir, Ágúst Þórðarson, Dögg Pálsdóttir, Bryndís Guðmundsdóttir, Tryggvi Helgason og Petrína Ásgeirsdóttir



Þakkir

A4
Afrika 20:20
Alþingi
Alþýðusambandið
Anna Louise Wilhelmsdóttir
Arnaldur Halldórsson
Atli Rafn Sigurðarson
Austurbæjarskóli
Árdís Sigurðardóttir
Björgun ehf
Björk Bjarkadóttir
Blómabúðin Burkni
Blómastofa Friðfinns
Bónus verslanir
Byko
Crymogeia
Daphne áætlun ESB
Deloitte
Duxiana
Egil Ferkingstad
Efnalaugin Björg
eyjan.is
Félags- og tryggingamálaráðuneytið
Flugfélag Íslands
Forvarnarsjóður velferðarráðs
Reykjavíkurborgar
Frumherji
Garðheimar
Gerður Kristný Guðjónsdóttir
Gísli Þór Ragnarsson
Guðbjartur Hannesson
Guðrún Gísladóttir
Gunnar Árnason
Gunnlaug Jakobsdóttir
Hagar
Hagkaup
Halldór Baldursson
Halldór Þórðarson
Hjallasamtökin
Hvíta Húsið
Icelandair Group
Icelandair
Icelandair hótél
Iða
IFS ráðgjöf
IKEA
Íslandsþóstur
Jakob Halldórsson
Jón Gnarr
Kjarnafæði hf
Kvika ehf
Laugarnesskóli
Leikskólinn Njálsvörðungur
Litla jólabúðin
Lyfjaver
Malbikun KM ehf
Mál og menning
mbl.is
Meba
Menntamálaráðuneytið
Microsoft Ísland ehf
Minja
Nanna Kolbrún Sigurðardóttir
Netorka
Norðurál Grundartanga
Norvik
Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Ormsson
Paul Benjamin Allemand
Páll Stefánsson
Pegasus
Penninn/Eymundsson
Pétur Jóhannesson
Pokasjóður
Reykjavíkurborg
Safer Internet áætlun ESB
Sigrún Einarsdóttir – Bergvík
Sigurður Ársælsson
Sigurður Gröndal
Sjálfbóðaliðar Barnaheilla
– Save the Children á Íslandi
Skífan
Snælandsskóli
Starfsfólk Sensu
Starfsmannafélagið MAS
Stella Guðmundsdóttir
Svavar Jóhannesson
Sverrir Páll Erlendsson
Sæunn Siggadóttir
Tekk Company
Tónskóli Sigursveins
Ungmennaráð Barnaheilla
– Save the Children á Íslandi
Unnur Skúladóttir
Upptekið
Utánríkisráðuneytið
Valfoss
Vigdís Finnbogadóttir
Vinnuálagstofnun
Vox feminae
Þjóðmenningarhúsið
Þorvaldur Þorsteinsson
Þórdís Aðalsteinsdóttir
Þórhildur Fjóra Kristjánsdóttir
10–11 verslanir


Útgefandi: Barnaheill – Save the Children á Íslandi

Ábyrgðarmaður: Petrína Ásgeirsdóttir

Ljósmyndir: Arnaldur Halldórsson, Haraldur Guðjónsson, Jakob Halldórsson, Barnaheill – Save the Children

Forsíðumynd er af Sigurbjörgu Birgisdóttur

Prentun: Svansprent



Alþjóðasamtökin Save the Children International
starfa í yfir 120 löndum víðs vegar um heim
– sjá brúnu svæðin á kortinu.



Suðurlandsbraut 24 | 108 Reykjavík
Sími 553 5900 | Fax 553 5960
barnaheill@barnaheill.is | www.barnaheill.is

Co-funded by the
European Union

